

BORGARRÁÐ 13. apríl 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um útboð á ráðgjafabjónustu - MSS23040050

Flokkur fólksins leggur til að hætt verði að skipta við KPMG og látið verði reyna á útboð eða farið í verðkönnun, sé talið nauðsynlegt að kaupa vinnu af þessu tagi. Af yfirliti yfir viðskipti við KPMG að dæma er nokkuð ljóst að aðkeypt þjónusta frá þessu fyrirtæki er komin úr böndunum. Á síðasta ári fékk fyrirtækið 41,5 milljón fyrir greiningarskýrslur/verkefni án þess að skýringar liggi fyrir um nauðsyn þeirra. Frá 2018 hefur KPMG fengið um 100 milljónir frá Reykjavíkurborg fyrir skýrslur sem sjá má í yfirliti sem fulltrúi Flokks fólksins fékk sem svar við fyrirspurn sinni um viðskipti borgarinnar við ráðgjafafyrirtæki. Fulltrúa Flokks fólksins er ofboðið, ekki aðeins bruðlið sem hér á sér stað heldur einnig vegna dæma um að að greiningaskýrslur frá KPMG séu ekki taldar trúverðugar. Vísað er m.a. í skýrsluna Ráðgjöf vegna skjalastjórnunar (niðurlagning Borgarskjalasafns). Sú skýrsla er talin innihalda rangfærslur og dylgjur í garð borgarskjalavarðar sem dregur úr trúverðugleika hennar að mati margra sem tjáð sig hafa um gagnið. Héraðsskjalavörður í Kópavogi hefur lýst svipaðri skoðun á úttekt sem KPMG hefur gert fyrir bæjarstjórnina á menningarstofnunum bæjarins og segir að hann „vænti þess að bæjarfulltrúar í Kópavogi hafi til að bera skynsemi og ábyrgðartilfinningu til að stíga engin óheillaspor á grundvelli þessarar skýrslu.“